



Reykjavík 25.11.2016

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 23. nóvember 2016 varðandi eftirfarandi mál.

**Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina**

Lagður fram tölvupóstur skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. ágúst 2016, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagsráðs á eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina frá fundi borgarráðs 18. ágúst 2016: "Framsókn og flugvallarvinir leggja fram þá tillögu að verklag við tilnefningar á fegrunarviðurkenningu Reykjavíkurborgar verði gert opinbert og gegnsætt, þannig að auglýst verði opinberlega á vefmiðlum og prentmiðlum eftir tillögum og að samráð við öll hverfisráðin verði formleg. Með þessu viljum við færa valdið frá embættismönnum til borgarinnar sjálfra." Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2016 ásamt tillögu að breyttu verklagi.

*Tillaga um breytt fyrirkomulag vegna fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar sem fram kemur í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2016 samþykkt.  
Ísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2016 ásamt tillögu að breyttu verklagi.



Reykjavík 12. október 2016

**Varðar: Tillaga um breytt verklag vegna fegrunarviðurkenninga.**

Á fundi Borgarráðs 18.ágúst 2016, þá var lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um breytt verklag vegna fegrunarviðurkenninga Reykjavíkurborgar. Lagt er til í tillögunni að verklag við tilnefningar á viðurkenningum verði gert opinbert og gegnsætt, þannig að auglýst verði opinberlega á vefmiðlum og prentmiðlum eftir tillögum og að samráð við öll hverfisráð verði formlegt. Eins og segir jafnframt í tillögu er lagt til að “valdið verði fært frá embættismönnum til borgaranna sjálfra”.

Núverandi verklag síðustu ár hefur verið þannig; að skipað hefur verið í vinnuhóp í maí/júní og lóðir/hús skoðaðar af tilnefndum hópi þar til tillögur eru lagðar fyrir umhverfis-og skipulagsráð annað hvort á síðasta fundi ráðs fyrir sumarfrí eða fyrsta fundi eftir frí. Afhending viðurkenninga hefur að jafnaði verið á afmælisdegi Reykjavíkurborgar eða mjög nálægt 18.ágúst ár hvert. Vinnuhópin skipa að jafnaði verkefnisstjórar frá umhverfis- og skipulagssviði, arkitektar og landslagsarkitektar auk aðila frá Borgarsögusafni Reykjavíkur. Oftast hafa verið valdar 4-5 lóðir og 2-4 hús. Ekki er um að ræða verðlaun í formi fjármagns, heldur er einöngu verið að veita viðurkenningu og hrósa viðkomandi eigendum/ lóðarhafa fyrir þeirra framlag til að bæta útlit og borgarmynd viðkomandi lóða og bygginga.

Oftar en ekki síðustu ár þá hefur ekki verið einfalt verk að velja lóðir og hús þar sem margar viðurkenningar hafa verið veittar í gegnum árin/ártugina og stundum erfitt að finna eitthvað nýtt. Tekið er undir að verklagið mætti vera skýrara og gegnsæra. Hins vegar þarf að vanda valið og standa að því eins faglega og hægt er. Lagt er til eftirfarandi verklag, sjá að neðan, til að virkja íbúa og hverfisráð borgarinnar til að koma að hugmyndum tillagna, en valið sjálft verður enn í höndum vinnuhóps skipuðum af umhverfis- og skipulagsráði.

Vert er að athuga að ef auglýsa þarf í prentmiðlum og “stækka” verkefnið meira þá er um meiri kostnað að ræða fyrir Reykjavíkurborg og starfsmenn vinnuhópsins og ritara sem taka þarf í reikninginn.

**Tillaga**

1. Umhverfis- og skipulagsráð tilnefnir vinnuhóp – hugmynd að dags., í byrjun febrúar.
2. Sett er upp vefsíða þar sem verkefnið er útskýrt og listar yfir eldri viðurkenningarhafa. [www.reykjavik.is/fegrunarvidurkenningar](http://www.reykjavik.is/fegrunarvidurkenningar).
3. Auglýst er eftir hugmyndum á vefnum, útbúin frétt á vefinn - og bréf sent í öll hverfisráðin til að óska eftir hugmyndum – í lok febrúar.
4. Hugmyndir óskast frá íbúum og hverfisráðum - fyrir lok mars.

- 
5. Vinnuhópurinn fer yfir hugmyndir og metur, fer í vettvangsferðir og skoðar – apríl til maí.
  6. Tilnefningar og greinargerð lögð fyrir fund umhverfis- og skipulagsráðs til samþykktar – júní, vísað til Borgarráðs.
  7. Afhending viðurkenninga í kringum dags. 18.ágúst.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs  
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson, Margrét Þormar**